

Ég heiti Anný Ingimarsdóttir bý í Vorsabæjarhjáleigu í Flóahrepp. Ég er félagsráðgjafi að mennt er einnig með BA próf í uppeldis og menntunarfærði og Dipmómunám í barnavernd. Ég vinn hjá skóla-og velferðarþjónustu Árneshöfna. Ég er einstök móðir tvíbura sem eru 9 ára.

Sama ættin hefur búið að Vorsabæjarhjáleigu marga ættliði, sonur minn sagði eitt sinn „ég held að langa- langa- langaafi hafi búið hér og jafnvel lengra aftur, það er hægt að segja að þetta sé ættaróðal“ Foreldrar mínir Guðbjörg Guðmundsdóttir og Ingimar Ottósson hófu sinn búskap að Vorsabæjarhjáleigu árið 1970 þá í félagsbúi með móðurafa mínum Guðmundi Guðmundssyni sem var frá Vorsabæjarhjáleigu og móðurömmu, Guðbjörg Anný Guðjónsdóttir en hún var frá Framnesi í Vestmannaeyjum. Föðurafi minn Ottó Guðbrandsson, var úr Reykjavík og föðuramma mín, Sigurbjörg Oddsdóttir, var frá Þykkvabæjarklaustri í Álftaveri, Vestur Skaftafellssýslu.

Ég er formaður og gjaldkeri sóknarnefndar Gaulverjabæjarkirkju og tók við því haustið 2021

Ég hef setið á kirkjuþingi eitt kjörtímabil eða frá 2018 til 2022 og eftir miklar vangaveltur ákvað ég að gefa kost á mér aftur til næstu 4ra ára. Ástæðan er sú að mér finnst ég vera kominn en betur inn í málefni kirkjunnar og væri synd að vera ekki önnur 4 ár á þeim miklum breytingum sem eru hjá kirkjunni núna. Það er mjög áhugavert að fá tækifæri til að kynna og vera þátttakandi í ákvörðunum sem varðar málefni kirkjunnar og kynna starfsemi hennar í víðu samhengi.

Á þessum 4 árum hef ég setið í allsherjarnefnd þingsins, þá hef ég setið í ýmsum starfshópum fyrsta verkefnið mitt var að vinna að stefnu þjóðkirkjunnar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar sem samþykkt var í október 2019 þá vann ég með góðu fólki að frumvarpi til nýrra þjóðkirkjulaga sem voru samþykkt eins og áður segir 1. júlí 2021 og nú síðast var ég í starfshópi sem er að endurskoða allar starfsreglur kirkjuþings og vonandi fæ ég umboð ykkar til að halda þeirri mikilvægu vinnu áfram. Á kirkjuþingi starfar öflugur hópur fólks sem ber hag kirkjunnar fyrir brjósti. Á þinginu eru settar reglur fyrir kirkjuna, þingið ályktar um hinu ýmsu mál, mótast stefnu í málaflokkum sem varða kirkjuna, fer með fjárfjárvaldið og lítur eftir starfi yfirstjórnar kirkjunnar.

Ef þið treystir mér áfram til að vera fulltrúi ykkar á kirkjuþingi mun ég halda áfram að standa vörð um kirkjuna sem er enn mikilvægara núna þegar kirkjuþingið hefur æðsta vald yfir kirkjunni.

Mörg mál eru mikilvægt á næstu árum innan kirkjunnar, en mikilvægt er að koma fjármálum kirkjunnar á gott ról einnig legg ég mikla áherslu á að æskulýðsmálin verði eflað en með því að halda æskulýðsmálum í hávegum erum við að efla framtíð kirkjunnar.

Mitt mottó er að kirkjan verði öflug og trúverðug þannig að við fáum sem flesta landsmenn til að skrá sig í Þjóðkirkjuna.

Með þessum orðum óska ég eftir stuðningi ykkar að vera áfram fulltrúi ykkar á kirkjuþingi kjörtímabilið 2022-2026.